**60. fundur** 28. júní 2018

1201046SA
Málalykill: 502

# Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands þann 28. júní 2018.

Fulltrúar Þroskaþjálfafélags Íslands á fundinum voru: Laufey Gissurardóttir og Anna Lilja Magnúsdóttir. Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga á fundinum voru: Ellisif Tinna Víðisdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

**1. Launaröðun þroskaþjálfa**

Lögð fram starfslýsing þroskaþjálfa í Kópavogsbæ. Fulltrúar ÞÍ telja að starfslýsingin eigi við um störf yfirþroskaþjálfa en honum er raðað sem þroskaþjálfa í leik- og grunnskóla.

Rök fulltrúa ÞÍ fyrir því að raða þroskaþjálfanum sem yfirþroskaþjálfa eru m.a. þau að hann stýrir þjálfun í námsveri, stýrir starfi stuðningsfulltrúa, veitir ráðgjöf til samstarfsaðila og hefur viðvarandi verkefnastjórnun.

**Niðurstaða:**

Fulltrúar SNS munu skoða málið frekar.

Fleira ekki gert. Næsti fundur verður haldinn þegar búið er að skoða málið.